

**141. fundur skólanefndar ME,  
haldinn 25. sept. 2018 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

**Mættir skólanefndarmenn:** Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir, Stefán Bogi Steinsson og Halldór B. Warén.

**Mættir áheyrnarfulltrúar:** Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Sigurlaug Þórssdóttir f.h. nemenda.

**Jafnframt sátu fundinn:** Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 140
2. Fundadagskrá skólaársins
3. Gangurinn í starfinu
4. Fullveldishátið í ME laugardaginn 1. desember
5. Fjárhagsmál
6. Önnur mál

*Skúli Björn setur fund kl. 17.*

*Hann býður nýja áheyrnarfulltrúa velkomna á fundinn, þau Björn Gísla, Bergrúnu Örnú og Sigurlaugu.*

*Gengið er til dagskrár.*

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 140**

Fundargerð 140 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

**2. Fundadagskrá skólaársins**

Skúli Björn spyr hvort þriðjudagar henti til fundahalda. Flestir fundarmenn svara því játandi. Hann stingur upp á að fundað verði á eftirfarandi dögum:

- 27. nóvember
- 29. janúar
- 19. mars
- 28. maí

Fundurinn samþykkir þessa tilhögun.

**3. Gangurinn í starfinu**

Árni fer yfir ganginn í skólastarfinu. Nemendafjöldinn er heldur minni í ár en undanfarin ár, m.a. vegna stórra útskrifta á síðasta skólaári og lítils árgangs nýnema í haust. Starfsmenn hafa bó haldið starfshlutföllum sínum, m.a. vegna þess að fjarnámið dafnar vel.

Nýnemavígsla fór fram í annarri skólaviku og gekk vel. Rætt er um nýnemaball undir liðnum önnur mál.

Árni varpar upp breytingum á starfsmannahaldi á haustönn 2018 og fer í gegnum þær (sjá skjalið Breytingar á starfsmannahaldi haust 2018). Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við ráðningar.

Sigríður Þráinsdóttir veiktist skyndilega nýverið og hefur Ingiborg Jóhanna Kjerúlf verið ráðin tímabundið í hennar stað.

Framundan í skólastarfinu eru ýmiskonar nemendaviðburðir og brátt hefst undirbúninngur fyrir 1. desinn, árshátið nemenda. Kvikmyndaáfangi í samstarfi við Stúdió Sýrland er nýafstaðinn og gekk hann vel þrátt fyrir að keyrslan væri mikil og annað nám þyrfti að víkja hjá nemendum á meðan. Í kjölfarið er stefnt á að stofna kvikmyndaklúbb.

Stefán Bogi spyr hvort fyrirkomulag kvikmyndaáfangans geti verið módel fyrir annað nám við skólann. Árni svara því til að svo geti verið með suma þætti, s.s. að ráða utanaðkomandi fyrirtæki til að keyra áfanga. Þó séu á þessu annmarkar, s.s. varðandi álag á nemendur. Bergrún lýsir þeirri skoðun sinni sem foreldri að betra væri að keyra svona námskeið á lengri tíma og/eða nota fardagana þar sem þetta hafi myndað of mikið álag fyrir þátttakendur varðandi aðra áfanga á spönninni. Fundarmenn óska eftir að fá link á myndbandið sent í tölvupósti.

Árni segir frá nýju fyrirkomulagi á forritunarkennslu í samstarfi við Fjölbraud í Breiðholti. Kenndir verða fjórir fjarnámsáfangar á skólaárinu en nemendur fá þrisvar í viku aðstoð kennara á staðnum við að vinna heimaverkefni. Sá kennari er fenginn í samstarfi við AN lausnir. Stefán Bogi lýsir sérstakri ánægju með forritunarkennsluna og fyrirkomulag hennar, s.s. tengsl við atvinnulífið.

Jólaútskrift fer fram þann 20. desember og eru 23. nemendur skráðir til útskriftar. Þar af eru 10 nemendur skráðir í fjarnám á lokaönn.

Skúli Björn spyr hvernig mál standi varðandi sálfræðiráðgjöf við skólann. Árni segir m.a. frá því að sálfræðingur frá Sálfræðiráðgjöf Norðurlands hafi fundað með fulltrúum ME nýlega og til skoðunar sé að nýta þeirra þjónustu. Hann segir einnig frá starfi nemendaþjónustu skólans og að reiknað sé með umbun fyrir slík störf í nýju reiknilíkani. Þjónusta á vegum HSA og skólaskrifstofu hefur verið að aukast samhliða aukinni sýnilegri þörf.

Skúli Björn minnir á að fundargerðir skólaufunda og kennarafunda verði gerðar aðgengilegar fyrir skólanefnd og lagðar fram til kynningar á nefndarfundum.

#### 4. Fullveldishátið í ME laugardaginn 1. desember

ME mun hýsa lokapunktinn á fullveldishátið sem verið hefur í gangi á Austurlandi frá 17. júní. Þá munu fullveldissýningar í fjórðungnum sameinast í húsnæði ME þann 1. desember. Sýningarnar koma frá Tækniminjasafninu á Seyðisfirði, Randulfs sjóhúsi á Eskifirði, Skriðuklaustri og Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Dagskrá vegna viðburðarins hefur ekki verið formuð en fyrirhugað er að kalla nemendur að borðinu og virkja m.a. leiklistar- og tónlistarklúbbu skólans.

Hugarflugsfundur um viðburðinn fer fram í fyrilestrarsal skólans fimmtudaginn 27. sept. Á fundinum verður leitað eftir hugmyndum nemenda og starfsfólks inn í hátiðardagskrána.

Árni sagði frá því að Edda Langworth er um þessar mundir að ganga frá vef með Ættum Austfirðinga og færi vel á að því væri lokið fyrir 1. desember svo hægt væri að tengja þær við sýninguna. Skúli Björn áréttar að verkefnið um Ættir Austfirðinga sé styrkt af sjóði sem nýverið var stofnaður úr eldri sjóðum skólans sem m.a. áttu að hluta uppruna sinn í þeirri útgáfu.

## 5. Fjárhagsmál

Árni varpar upp tölum varðandi framhaldsskóla úr fjárlögum 2018 og fjárlagafrumvarpi 2019.

Tölur varðandi ME skoðaðar í samanburði við aðra skóla á landinu. M.a. er komið til móts við verknámsskóla. ME er ágætlega settur m.v. þessar tölur. Hótelreksturinn skilar um 18-20 milljónum á ári og hjálpar til við að halda lausafjárstöðu skólans góðri.

Gerð hefur verið sú breyting í nýju reiknilíkani að miða við nemendatölur eftir að þrjár vikur eru liðnar af önn í stað þess að telja nemendur sem mæta til prófs. Þar sem um 6% nemenda sem hefja nám skila sér ekki til prófs ætti þessi breyting að hækka framlag til skólanna.

Fjárlagafrumvarp 2019 gerir ráð fyrir tæplega 510 milljón króna framlagi til skólans sem er nærrí 20 milljónum krónum meira en árið 2018 eða aukning um 4%.

Um tíu milljónir af rekstrarafgangi síðasta árs hafa verið notaðar til kaupa á húsgögnum. Skipt var um 100 rúm á vistinni í haust fyrir um 6 milljónir með flutningi auk þess sem settir vorur upp sófar og borð í anddyri kennsluhúss fyrir um 4 milljónir. Árni varpar upp myndum af nýju húsgognunum.

Fyrirséð eru minnkandi fjárfamlög til skólans á næstu árum vegna fækkunar nemenda. Í nýju reiknilíkani er þó umbun fyrir fornámsbrautir og aðra þætti sem gætu vegið þar upp á móti.

## 6. Önnur mál.

### a) Starf NME.

Sigurlaug segir frá því að NME sé að stofna til fleiri viðburða en í fyrra, s.s. annan hvern miðvikudag. Á dagskránni séu sundkvöld og fleiri viðburðir.

Einnig sé verið að skipuleggja búningaball um mánaðamótin október/nóvember. Félagið finnur fyrir því að nemendur skólans eru færri en verið hefur, þ.e. að nú er úr minni fjármunum að spila af föstum tekjum.

Sigurlaug segir frá könnun sem gerð var meðal nemenda nýverið þar sem fram kom ánægja með störf nemendafélagsins.

### b) Nýnemaball.

Árni segir frá því að um 230-240 krakkar mættu á nýnemaball í Valaskjálf. Flestir nemendur skemmtu sér á eðlilegan hátt en nokkra þurfti að keyra heim. Þá fór brunakerfi hússins af stað vegna veip-reykinga.

Sigurlaug segir að gæsla hefði þurft að vera betur mönnuð og aðrir fundarmenn taka undir að skipulag á gæslu og góðum stjórnun á henni sé lykilatriði. Mæting á foreldrarölt var mjög góð á nýnemaballinu en kannski ættu foreldrar líka að vera sýnilegir inni á staðnum. Dóri nefnir öðruvísí áru yfir

HJW  
MB  
LJG  
HBC

menntaskólaböllum en öðrum böllum; fleiri uppákomur, meiri óþekkt og veipið sé nýtt vandamál. Honum finnst starfsmenn þurfa að bera meiri ábyrgð og vera vel inni í málum. Ósk er komin frá stjórnendum Valaskjálfar að skólaböllin verði haldin á fimmtudögum, s.s. vegna meiri kostnaðar um helgar. Sigurlaug segir frá því að nemendafélagið vilji gera þá tilraun á næsta balli að bjóða tvennskonar miðaverð, lægra verði fyrir þá sem blása í áfengismæli og hærra verði fyrir þá sem gera það ekki. Fundarmenn taka vel í þessa hugmynd og telja áhugavert að sjá hverju hún skilar.

*Fleira ekki rætt og Skúli Björn slítur fundi kl. 18:12.*

*Næsti fundur þriðjudaginn 27. nóvember.*

*Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.*

*Skúli Björn  
Arnau Björk Guðjónsd.  
Íslensk Ríman Brimsdóttir  
Hallgrímur Þorsteinsson*